

6. nóvember 2019

Fréttatilkynning vegna afkomu Sýnar hf. á þriðja fjórðungi 2019:

Rekstrarhagnaður fjórðungsins sá besti það sem af er ári

Í ársbyrjun var meðferð á sýningarrétti sjónvarpsefnis breytt, samanburðartölur 2018 hafa verið uppfærðar í samræmi við breytta meðhöndlun.

Helstu niðurstöður:

- Tekjur á þriðja ársfjórðungi 2019 námu 4.878 m.kr. sem er 5,2% lækkun frá sama tímabili 2018. Tekjur á fyrstu 9 mánuðum ársins lækkuðu um 454 m.kr. milli ára, eða um 3%.
- EBITDA nam 1.623 m.kr. á ársfjórðungnum í samanburði við 1.785 m.kr. á sama tímabili í fyrra. EBITDA hlutfallið er 33,3% á 3F 2019 samanborið við 34,7% á 3F 2018. EBITDA á fyrstu 9 mánuðum ársins 2019 nam 4.100 m.kr og lækkaði um 153 m.kr miðað við sama tímabil 2018. EBITDA hlutfall á 3F 2019 leiðrétt fyrir breytingum á IFRS 16 nam 30%.
- Tap á þriðja ársfjórðungi 2019 nam 71 m.kr. samanborið við 207 m.kr. hagnað á sama tímabili í fyrra. Tapið á fjórðungnum skýrist að mestu vegna einskiptiskostnaðar að fjárhæð 150 m.kr. sem samanstendur af uppgjöri á vaxtaskiptasamningi félagsins og starfslokagreiðslum. Hagnaður á fyrstu 9 mánuðum ársins nam 384 m.kr. sem er 135 m.kr. hækkun frá sama tímabili 2018. Einskiptiskostnaður á fyrstu 9 mánuðum ársins nemur 358 m.kr.
- Handbært fé frá rekstri á fjórðungnum nam 1.235 m.kr. samanborið við 1.185 m.kr. á sama tímabili árið áður, sem er aukning um 4,22%.
- Heildarfjárfestingar félagsins á tímabilinu námu 1.119 m.kr. þar af eru fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum (án sýningarrétta) 303 m.kr. og fjárfesting í sýningarréttum 806 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar á tímabilinu um 367 m.kr á móti 45 m.kr á sama tímabili á fyrra ári sem er aukning um 322 m.kr.
- Horfur vegna ársins 2019 haldast óbreyttar.

Lykiltöluyfirlit 3F 2019

	3F 2019	3F 2018	Breyt.	% breyt.	9M 2019	9M 2018	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	4.878	5.143	-265	-5%	14.876	15.330	-454	-3%
Kostnaðarverð	-3.133	-3.112	-21	1%	-9.491	-9.275	-216	2%
Framlegð	1.745	2.031	-286	-14%	5.385	6.055	-670	-11%
Rekstrarkostnaður	-1.559	-1.557	-2	0%	-5.150	-5.188	38	-1%
EBITDA	1.623	1.785	-162	-9%	4.100	4.253	-153	-4%
EBIT	186	474	-288	-61%	235	867	-632	-73%
Hrein fjármagnsgjöld	-295	-210	-85	40%	-810	-535	-275	51%
Áhrif hlutdeildarféлага	16	-2	18	-	844	-14	858	-
Tekjuskattur	22	-55	77	-	115	-69	184	-
Hagnaður tímabilsins	-71	207	-278	-134%	384	249	135	54%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>35,8%</i>	<i>39,5%</i>			<i>36,2%</i>	<i>39,5%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>33,3%</i>	<i>34,7%</i>			<i>27,6%</i>	<i>27,7%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>3,8%</i>	<i>9,2%</i>			<i>1,6%</i>	<i>5,7%</i>		

Heiðar Guðjónsson, forstjóri:

„Uppgjörðið er vitnisburður um að við höfum náð tökum á rekstrinum. Nýtt spáferli sem unnið er eftir gefur okkur mun betri mynd af undirliggjandi þáttum og við teljum að það muni leiða til frekari bata í rekstri á næstu fjórðungum. Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs batnar á milli ára og reksturinn batnar umtalsvert frá öðrum ársfjórðungi. Aðgerðir sem gripið var til í sumar, með endursamningum við birgja og fækkun stöðugilda mun koma fram í rekstri við lok ársins og að fullu á nýju ári.“

Stjórn fyrirtækisins samþykkti kaup á Endor sem verður dótturfélag fyrirtækisins. Við sjáum fjöldamörg tækifæri til sambættingar og aukinnar tekjuöflunar við kaupin. Kaupverðið fer eftir afkomu fyrirtækisins en er á bilinu 1,5 - 5 sinnum EBITDA, eftir því hvernig málum fram vindur.

Celtic Norse er nýtt verkefni um lagningu sæstrengs sem við kynntum í London ásamt samstarfsaðilum í síðustu viku. Það sem hefur hamlað uppbyggingu gagnavera á Íslandi er hár kostnaður sæstrengja sem hingað liggja. Þetta verkefni getur lagað þá stöðu umtalsvert.

Uppbyggingu Reykjavík Data Center á Korputorgi miðar samkvæmt áætlun og sala inn í verið hefur gengið framár vonum.“

Rekstrarafkoma á 3. ársfjórðungi 2019:

Tekjur félagsins á þriðja ársfjórðungi 2019 námu 4.878 m.kr. sem er lækkun um 5% frá sama tímabili í fyrra.

Tekjur af fjölmiðlun námu 1.946 m.kr. á þriðja ársfjórðungi og lækkuðu um 7% á milli ára. Tekjur af interneti námu 1.216 m.kr. á þriðja ársfjórðungi, sem er lækkun um 70 m.kr. milli ára eða 5%. Tekjur af farsíma námu 1.041 m.kr. og lækkuðu um 1% á milli ára. Tekjur af fastlínu námu 217 m.kr. á fjórðungnum og lækkuðu um 18% á milli ára. Tekjur af vörusölu námu 255 m.kr. á tímabilinu sem 1% lækkun miðað við sama ársfjórðung 2018, aðrar tekjur námu 203 m.kr. á ársfjórðungnum og hækkuðu um 6% á milli ára.

Kostnaðarverð nam 3.133 m.kr. og jókst um 1% á milli ára. Rekstrarkostnaður nam 1.559 m.kr og er á pari við sama tímabil 2018. EBITDA tímabilsins nam 1.623 m.kr. og lækkar um 162 m.kr. miðað við sama tímabil árið 2018. EBITDA hlutfall var 33,3%.


Hrein fjármagnsgjöld námu 295 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2019 sem er hækkun um 85 m.kr. á milli ára. Aukningin stafar fyrst og fremst af áhrifum af innleiðingu á IFRS 16, uppgjöri á vaxtaskiptasamningi félagsins sem er síðan vegið upp með gengishagnaði á fjórðungnum. Tap á þriðja ársfjórðungi 2019 nam 71 m.kr. samanborið við 207 m.kr. hagnað á sama tímabili í fyrra.

Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2019:

Handbært fé frá rekstri á þriðja ársfjórðungi ársins 2019 nam 1.235 m.kr. sem er 4% hækkun frá fyrra ári.

Fjárfestingahreyfingar námu 1.119 m.kr., þar af eru fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum (að undanskildum sýningarrétti) 303 m.kr. og fjárfesting í sýningarréttum 806 m.kr.

Fjármögnunarahreyfingar félagsins námu 367 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2019. Handbært fé í lok þriðja ársfjórðungs nam 127 m.kr.



Efnahagur 30. september 2019:

Eigið fé í lok tímabilsins var 10.911 m.kr. og eiginfjárlutfall var 36,3%. Útgefið hlutfé í lok tímabilsins nam 2.964 m.kr. Heildarskuldir félagsins voru 19.151 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 14.760 m.kr. Veltufjárlutfall var 1,0.

Kaup á Endor

Sýn hf. hefur undirritað kaupsamning um kaup á öllu hlutfé í upplýsingatæknifyrirtækinu Endor. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Endor starfar aðallega á alþjóðlegum markaði í rekstri gagnavera. Félagið mun reka Endor í óbreyttri mynd sem dótturfélag og nýta stuðning og innviði Sýnar hf. og alþjóðlegar tengingar Endor til að styðja enn frekar við tekjustrauma félagsins.

Tekjur Endor á árinu 2018 voru 1,5 ma.kr. og áætlað er að heildarvelta fyrir árið 2019 verði allt að fjórum milljörðum. Unnið er að því að meta áhrif Endor á reikningsskil Sýnar sem gerð eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á tímabilinu:

- Haustið fór af stað með miklum krafti á Stöð 2 en við frumsýndum 30 íslenska þætti í september og erum gríðarlega stolt af fjölbreyttu úrvali og gæðum íslensku þáttanna okkar. Við vígðum einnig nýtt stúdíó í Ármúla þegar Föstudagskvöld með Gumma Ben fór í loftið, en þar fara Gummi og Sóli Hólm á kostum í beinni útsendingu við frábærar viðtökur.
- Efnisúrvalið í Stöð 2 Marabon hefur stóraukist undanfarna mánuði en efnisveitan er sú stærsta á landinu með íslenskt efni. Þar hafa áskrifendur aðgang að vönduðu íslensku sjónvarpsefni, nýjustu þáttaröðunum, barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndum. Nýir þættir koma nú fyrr inn og jafnvel samhliða línulegum sýningum.
- Sýn hlaut formlega jafnlaunavottun á allt félagið í ágúst en úttektin var framkvæmd í maí síðastliðnum af BSI á Íslandi. Með vottuninni staðfestist að hjá Sýn er starfrækt jafnlaunakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Með innleiðingu jafnlaunastaðalsins hefur Sýn komið sér upp stjórnkerfi sem styður við faglegar launaákvörðanir, byggðar á málefnalegum sjónarmiðum sem fela ekki í sér kynbundna mismunun.
- Tæknimenn Vodafone hafa síðustu misseri verið að fjölga 4G sendum og auka afkastagetuna um allt land, m.a. í þéttbýli, á sumarhúsasvæðum og þar sem fjölmennir viðburðir eru haldnir. Þjóðvega dekkun á 4G hefur því stóraukist á mörgum svæðum eftir verkefni sumarsins og bjóðum við nú 4G dekkun að miklu leyti frá Reykjavík til Akureyrar, sem þýðir mun betri upplifun á streymisveitum fyrir þá sem eru á ferðinni.

Kynningarfundur 7. nóvember 2019:

- Opinn kynningarfundur vegna uppgjörins verður haldinn fimmtudaginn 7. nóvember 2019. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum Sírnar, 6. hæð, Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík og hefst klukkan 8:30.
- Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Sírnar á <https://syn.is/fjarfestatengsl> og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.
- Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://syn.is/fjarfestatengsl>.

Fjárhagsdagatal 2019:

- | | | |
|---|-----------------|------------------|
| ✓ | Ársuppgjör 2019 | 26. febrúar 2020 |
| ✓ | Aðalfundur 2020 | 20. mars 2020 |

Frekari upplýsingar:

- ✓ Valdís Guðlaugsdóttir forstöðumaður samskiptasviðs Sírnar tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is eða í síma 669-9319.